

Skýrsla röltnefndar 2012-2013

Verkefni röltnefndar:

- Sett var upp í byrjun skólaárs rölt dagskrá fyrir veturinn þar sem öllum bekkjardeildum á mið og elsta stigi er raðað á helgarnar frá hausti og til skólaloka. Hver bekkjardeild sá um röltið 2 helgar í röð.
- Rölt dagskráin sett inn á heimasíðu foreldrafélagsins undir [foreldrarölt – rölt dagskrá](#).
- Sendur póstur til bekkjarfulltrúa þess bekkjar sem á að annast röltið hverju sinni og minnt á að útvega einhvern til að rölt. Það er síðan í umsjá bekkjarfulltrúanna að sjá um að verkefninu sé sinnt

Ekki tókst að fá fólk í röltnefndina í haust þannig að undirrituð annaðist störf hennar. Berglind Svavarsdóttir var tengiliður við stjórn.

Stjórn foreldrafélagsins tók að vanda fyrstu röltvaktina í haust. Sú umræða kom þar upp hvort að hefja eigi röltið fyrstu helgina eftir að kennsla hefst eða hvort eigi að byrja 1. september eftir að breytingar hafa orðið á útvistartíma. Rétt er að ný stjórn foreldrafélagsins taki afstöðu til þessa.

Skv. rölt skýrslum er skráð mæting á 21 helgi af 34 eða 60% mæting sem er svipað og sl. skólaár. Gera má ráð fyrir að skráning eftir röltið hafi ekki verið framkvæmd í öllum tilvikum þannig að mætingin sé betri en rölt skýrslur gefa til kynna. Algengast er að 3-4 séu að rölt í hvert sinn, en nokkrum sinnum voru 5 foreldrar í senn sem er mjög jákvætt.

Einn fundur var haldinn af Samkóp með fulltrúa frá lögreglunni og umsjónarmönnum foreldraröls í skólunum í Kópavogi. Á fundinn mættu Anna María formaður foreldrafélagsins og Sigurður varaformaður. Þau kynntu umræðuefni fundarins á [stjórnarfundum 28. nóv.](#)

Rölt dagskrá ásamt reglum röltsins og skýrslueyðublaði um röltið er aðgengileg á heimasíðunni undir [Foreldrar - Foreldrarölt](#).

Sólveig B. Hlöðversdóttir
formaður röltnefndar